

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 560/1995 um löggiltar iðngreinar, námssamninga, sveinspróf og meistararéttindi.

1. gr.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Ef fyrir hendi eru aðstæður sem valda því að ekki reynist unnt að fullnægja ákvæðum námskrár um nám og starfsþjálfunartíma í löggiltri iðngrein, setur menntamálaráðherra reglur um sérstaka tilhögun náms, starfsþjálfunar og réttindaveitingar í iðngreininni, að fengnum tillögum hlutaðeigandi fræðslunefndar. Áður en til staðfestingar kemur skal afla umsagnar Iðnfræðsluráðs.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í ákvæði 22. gr., sbr. 40. gr. laga um framhaldsskóla nr. 57/1988 með áorðnum breytingum, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 23. janúar 1996.

Björn Bjarnason.

Stefán Baldursson.

Nr. 112

13. febrúar 1996

AUGLÝSING

um sameiningu Sléttuhrepps og Ísafjarðarkaupstaðar.

Samkvæmt lögum nr. 131/1995 um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986, með síðari breytingum, skal Sléttuhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu sameinaður Ísafjarðarkaupstað. Af því tilefni tilkynnir félagsmálaráðuneytið eftirfarandi:

Ísafjarðarkaupstaður tekur yfir allt það land sem tilheyrir hefur Sléttuhreppi.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem hugsanlega hafa tilheyrir Sléttuhreppi skulu falla til Ísafjarðarkaupstaðar.

Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar fer með stjórn á því svæði sem tilheyrir hefur Sléttuhreppi.

Sameining þessara sveitarfélaga skal taka þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 13. febrúar 1996.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.